

**2. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í  
fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
12. maí 2015 og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Jón Hrói Finnsson formaður, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu, Jóhannes Ingibjartsson aðalmaður og Ólafur Guðmundsson aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Laufey Jónsdóttir, verkefnisstjóri heimaþjónustu.

**Fyrir tekið:**

**1. 1410165 - Dalbraut 6 - Þarfagreining - hugmyndir fundarmanna**

Á síðasta fundi var ákveðið að fundarmenn kæmu með nýja þarfagreiningu sem m.a. tæki mið af fjölda aldraðra næstu áratugi (mannfjöldaspá), hvaða þjónusta ætti að vera í húsnæðinu, hvað vill bæjarfélagið hafa af sinni starfsemi og hvað vill FEBAN hafa af sinni starfsemi í húsnæðinu, hvaða rými væri hugsanlega hægt að samnýta. Einnig þarf að skoða almenn úrræði í bæjarfélagini sem hentað geta fyrir alla íbúa bæjarfélagsins.

Taka þarf mið af þeim hópi sem er 80 ára og eldri og nýtir sér ekki aðra þjónustu.

Í umræðunni voru frumdrög að teikningum hafðar til hliðsjónar. Rætt var um að einn stór salur á neðri hæð væri fjölnotasalur, þ.e. að hægt sé að skipta honum niður í einingar og hafa margbætta starfsemi í gangi á sama tíma. Rætt var um félagsstarfið og hvernig framtíðarskipulag verður á þeirri starfsemi. Huga þarf að þeim hópi sem ekki getur nýtt sér núverandi félagsstarf, sækja ekki félagsstarfsemi hjá FEBAN og eru ekki að nýta sér neina þjónustu. Sá hópur er nokkuð stór. Einnig þarf að skoða eldhús þar sem fólk getur komið og keypt sér veitingar. Þarf að vera einhverskonar afgreiðslueldhús en matur eldaður annars staðar.

Ákveða þarf hvað á að vera húsnæðinu. Hlutverkið á að vera að styðja fólk til sjálfstæðrar búsetu, koma í veg fyrir félagslega einangrun og stuðla að heilsueflingu. Skapa þarf aöstöðu fyrir starfsmenn heimaþjónustu og aðra starfsemi tengd öldrunarpjónustu. Vinna þarf drög að lýsingu á starfsemi sem ætti að vera í húsnæðinu. Sú vinna verður unnin áfram á næsta fundi. Ákveðið var að kanna með kynnisferð í Árborg og á aðrar sambærilegar þjónustumiðstöðvar. Nauðsynlegt er að taka mið af því sem vel er gert og hefur unnist vel í öðrum sambærilegum sveitarfélögum.

**2. 1410165 - Dalbraut 6 - Yfirlit yfir þá starfsemi sem nú er boðið upp á á vegum bæjarfélagsins og FEBAN**

Lagt fram til kynningar. Sjá fylgiskjal um núverandi starfsemi FEBAN og félagsstarfs bæjarfélagsins

**3. 1410165 - Dalbraut 6 - Teikningar af húsnæðinu - frumdrög. Sjá fylgiskjal**

Kynntar teikningar sem unnar hafa verið af Ólafi og Jóhannesi. Teikningarnar voru unnar með hliðsjón af þarfagreiningu þeirri sem fyrrí starfshópur vann. Teikningar voru bornar saman við þarfagreininguna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.

Hanns Jónasson  
Ólafur Guðmundsson  
Jóhannes Þorgrímsson.  
Guðrún